


Áætlun um öryggi sjófarenda 2019-2033

Inngangur


Í áætlun um öryggi sjófarenda er mörkuð stefna í öryggismálum sjófarenda á Íslandi. Markmið eru sett og eru áherslur skilgreindar sem miða að því að ná settum markmiðum. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið ber ábyrgð á áætluninni en Samgöngustofa fer með framkvæmd hennar. Siglingaráð, sem skipað er hagsmunaaðilum ásamt fulltrúum ráðuneytis, annast eftirlit með framgangi áætlunarinnar og stuðlar að samstarfi þeirra aðila sem málið varðar.

Góður árangur hefur náðst í öryggismálum sjófarenda. Fjöldi látinna á sjó hefur dregist saman úr 25 á ári að jafnaði á árunum 1958-1967 í u.þ.b. 1 á ári að jafnaði á árunum 2008-2017. Enginn hefur látist í sjóslysum á árunum 2017 og 2018. Helstu ástæður fyrir þessari fækkun eru betri skip og eftirlit, áhrif fiskveiðistjórnunarkerfisins sem hefur dregið úr sjósókn í vondum veðrum, betri þjálfun sjómanna með tilkomu Slysavarnaskóla sjómanna, tilkoma vaktstöðvar siglinga, efling Landhelgisgæslunnar, tilkynningaskylda íslenskra skipa sjómanna, árangur af öryggisáætlun sjófarenda og aukin öryggisvitund meðal sjómanna og útgerða. Sjá má nánar um þessa þróun á mynd 4.

Látnir í sjóslysum á fimm ára tímabili



Mynd 4. Fjöldi látinna í sjóslysum á fimm ára tímabili. Þegar rýnt er í fimm ára meðaltöl sést vel sá mikli árangur sem nást hefur með öflugu forvarnarstarfi.



Mynd 1. Fjöldi látinna í sjóslysum. Á grafinu má greina nokkur stærri sjóslys en þeim hefur fækkað verulega með betri skipum, búnaði og öryggisfræðslu. Síðustu tvö árin hefur enginn látið lífið á sjó.

Stefna stjórnvalda í öryggismálum sjófarenda

Stefnt skal markvisst að því að auka öryggi í samgöngum á sjó og unnið að því á gildistíma áætlunarinnar að draga verulega úr líkum á alvarlegum slysum og banaslysum. Skal öryggi íslenskra skipa vera eins og best gerist hjá öðrum þjóðum. Gerð verður aðgerðaáætlun í þessu skyni. Unnið verður að því að innleiða öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja á öllum sviðum sjósamgangna.

Markmið

Yfirmarkmið um öryggi sjófarenda eru þrjú.

1. Fjöldi látinna til sjós skal vera 0 á hverju ári tímabils áætlunarinnar.
2. Alvarlega slösuðum til sjós fækki um 5% á ári á tímabili áætlunarinnar.
3. Skipssköðum fækki um 5% á ári á tímabili áætlunarinnar.

Á síðustu árum hefur það fjórum sinnum gerst að enginn látist til sjós á heilu ári; árin 2008, 2011, 2014 og 2017. Er því ljóst að ekki er óraunhæft að stefna að því að slíkum árum fjölgi og á endanum heyrir banaslys á sjó til algerra undantekninga.

Skipsskaðar hafa að meðaltali verið fimm árlega yfir þriggja ára tímabil á árunum 1998–2006. Á þriggja ára tímabili 2007–2009 og 2010–2012 fórst að meðaltali eitt skip á ári. Því hefur skipssköðum fækkað og er ætlunin að halda þeirri þróun áfram með því að fækka skipssköðum um 5% á ári.

Til þess að fylgjast með hvernig okkur gengur að innleiða öryggisstjórnun setjum við okkur eftirfarandi markmið um innleiðingu öryggisstjórnunar:

- Að 10% íslenskra skipa taki upp vottað öryggisstjórnunarkerfi árlega;
- Að tvöfalda fjölda skipa sem halda lögboðnar björgunaræfingar;
- Að tvöfalda fjölda skipa sem framkvæma og viðhalda virku áhættumati og atvikaskráningum.
- Að tvöfalda eftirlit með framkvæmd björgunaræfinga og áhættumats um borð í skipum á hafi úti.

Áherslur

Í áætlun um öryggi sjófarenda er nú lögð megináhersla á öryggisstjórnun um borð í skipum en um 80% slysa um borð í fiskiskipum má rekja til manlegra mistaka. Tilgangurinn er að tryggja sem best að öryggisþættir séu undir traustri stjórn og að búnaður skipa og hæfni skipverja sé í eins góðu horfi og hægt er.

Áherslur sem snúa að öryggi sjófarenda eru þessi:

- a. Innleiðing öryggisstjórnunarkerfa í öll skip
- b. Innleiðing á eigin skoðun skipa
- c. Aukning öryggisvitundar meðal sjómanna með fræðslu og forvörnum
- d. Skráning sjóslysa í alþjóðlegan gagnagrunn (EMCIP) og innleiðing atvikaskráninga
- e. Nýting slysagagna til þess að meta áherslur er varðar fræðslu, forvarnir og regluetningu
- f. Öflug miðlun upplýsinga um veður og sjólag
- g. Innleiðing og fullgilding reglna frá EMSA og IMO
- h. Markvissar rannsóknir tengdar öryggi á sjó
- i. Þátttaka í starfi alþjóðastofnana til þess að reglur þeirra taki mið af íslenskum aðstæðum
- j. Heildstætt regluverk um farþegaskip

Verkefni byggð á þessum áherslum eru sett fram í verkefnaáætlun sem er að finna í 5 ára Samgönguáætlun. Helstu verkefnisflokkar áætlunar um öryggi sjófarenda eru:

Menntun og þjálfun sjómanna: Áhersla verður lögð á námsgagnagerð, þ.e. kennsluefni fyrir sjómenn, útgáfu fræðsluefnis um menntun og þjálfun sjómanna og tengd námskeið


Fræðsluefni og miðlun upplýsinga: Helstu verkefni undir þessum lið eru átaksverkefni með málfundum og ráðstefnum, fræðslupésar, myndefni og handbækur um öryggismál sjómanna og veggspjöld með leiðbeiningum og merkingum, svo og upplýsingar á heimasíðu Samgöngustofu um öryggisreglur fyrir skip, breytingar á þeim og upplýsingar um öryggismál almennt.

Öryggisstjórnun: Öryggisstjórnun um borð í skipum fær meira vægi í verkefnum en áður. Verkefnunum verður skipt niður í almenna öryggisstjórnun þar sem skilgreiningar og leiðbeiningar um öryggisstjórnun kynntar á vef Samgöngustofu. Hugað verður að öryggisstjórnunarkerfum í fiskiskipum og farþegaskipum ásamt hættumati og slysaskráningu. Ætlunin er að útbúa rafrænar lausnir fyrir útgerðir og sjómenn til þess að styðja við þeirra öryggisstjórnunarkerfi.

Rannsókn- og þróunarverkefni: Eitt af meginverkefnum áætlunarinnar eru styrkveitingar með það að markmiði að hvetja hugvitsmenn til að koma með hugmyndir og tillögur að nýjum lausnum í öryggismálum sjófarenda. Á grundvelli niðurstaðna rannsókna Háskóla Íslands og Landspítala verður leitast við að hafa upplýsingar um slys um borð í skipum aðgengilegar á vef rannsóknarnefndar samgönguslysa og í framhaldinu verði hægt að gera átaksverkefni til að koma í veg fyrir slys um borð í skipum. Reynt verður að auka og festa í sessi samstarf við nágrannaljóðir okkar í rannsókn- og þróunarverkefnum sem tengjast öryggismálum sjómanna.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur haldið utan um skráningu sjóslysa og atvika. Á fyrsta tímabili samgönguáætlunar er stefnt að því að færa skráninguna til Samgöngustofu sem lið í samræmdri skráningu allra samgönguslysa.

SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA 2007 - 2017



Mynd 2. Að meðaltali voru skráð 145 slys og atvik tengd siglingum og köfun árlega hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa á árunum 2007–2016.